



Reykjavík 24. mars 2021

Bréf sent prestum, djáknum, organistum,  
sóknarnefndum og útfararstjórum

Ágæta samverkafólk.

Því miður hafa yfirvöld tilkynnt að herða þurfi sóttvarnaraðgerðir vegna fjölgunar smita vegna kórónuveirunnar.

Upplýsingar um reglugerðir ráðherra og minnisblað sóttvarnarlæknis verða aðgengilegar á vef heilbrigðisráðuneytisins, sjá hér: [www.hrn.is](http://www.hrn.is).

Nýjar reglur taka gildi á miðnætti í kvöld og gilda til 15. apríl n.k. Allar takmarkanir ná til landsins alls og almenna reglan um fjöldatakmörkun er 10 manns. Grímuskylda er þar sem ekki er unnt að tryggja 2 metra nálægðarmörk milli einstaklinga sem ekki eru í nánnum tengslum. Börn fædd 2015 og síðar eru undanþegin 2 metra reglu, fjöldamörkum og grímuskyldu (gilti áður um börn fædd 2005 og síðar).

Það sem að okkur snýr varðandi þessar breyttu reglur er að í kirkjulegum athöfnum mega vera 30 manns í sama rými og á það við um fólk sem fætt er fyrir 2015. Í öðru starfi kirkjunnar mega ekki vera fleiri en 10 manns samankomin.

Væntanlega setja þessar nýju reglur tilhögun fermingarathafnanna og fermingardagsins í uppnám. Ég vil hvetja ykkur til að eiga um það samstarf með fermingarbörnum og fjölskyldum þeirra sem og samstarfsfólki ykkar hvort af fermingunum verði núna eða þeim frestað. Mögulegt er að fjölga athöfnum þannig að færri verði viðstaddir í einu, en börnin verði fermd. **Altarisgöngur** fari ekki fram en hugað verði að því að þær geti farið fram með börnunum og fjölskyldum þeirra þegar aðstæður leyfa.

Samhliða þessu bréfi eru leiðbeiningar frá Sóttvarnarlækni varðandi hólfaskiptingu rýma. Vegna þessara sérstöku aðstæðna hvet ég ykkur til að hrinda slíkri hólfaskiptingu í framkvæmd, þar sem henni verður við komið. Hér er tengill á almennar upplýsingar um sóttvarnarhólf. <https://www.covid.is/flokkar/sottkvi>. Mun ég nú í kjölfarið upplýsa heilbrigðisráðherra um að hólfaskiptingu verði að líkindum beitt í kirkjum landsins á komandi vikum.

Helgihald um bænadaga og páska getur farið fram innan þeirra marka sem reglur og aðstæður leyfa.

**Ég ítreka fyrri brýningu til okkar allra að við gætum að hinum persónulegu sóttvörnum og vil í því sambandi nefna eftirfarandi atriði:**

- Sprittbrúsar skulu vera aðgengilegir við inn- og útganga, sem og á salernisaðstöðu.
- Við komu til kirkju svo og við brottför úr kirkju skulu kirkjuverðir og annað starfsfólk tryggja eftir fremsta megni að hópamyndanir verði ekki í anddyri eða fyrir utan kirkjuna.
- Handabönd eða annars konar líkamleg snerting skal ekki viðhöfð.
- Alltaf skal lofta vel út og sótthreinsa alla snertifleti milli athafna.
- Allt starfsfólki er hvatt til að fara ekki til vinnu komi upp einkenni veikinda.
- Allt starfsfólk með undirliggjandi sjúkdóma hugi að sér og haldi sig heima.

Ég vil hvetja ykkur til dáða á þessum veirutímum. Mikilvægt er að við höldum vöku okkar og gerum okkar besta í baráttunni við þennan vágast. Í þeirri baráttu stöndum við ekki ein og yfirgefin. „Drottinn er nálægur öllum sem ákalla hann, öllum sem ákalla hann í einlægni.“ Dav. 145:18.

Guð gefi ykkur styrk og æðruleysi og blessi ykkur í lífi og þjónustu,



Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands.